

Mánudaginn 6. desember 1982.

Nr. 65/1982. **Ákærvaldið**
 (Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
 gegn
Hallsteini Sigurjóni Gestssyni
 (Jón E. Ragnarsson hrl.).

Ávana- og fikniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Halldór Þorbjörnsson.

Þórður Þórðarson, fulltrúi sakadómarans í ávana- og fikniefnamálum, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 13. janúar sl. Af hálfu ákærvalds er krafist þyngingar refsingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 25. júní sl.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt sakavottorð ákærða frá 1. desember sl., þar sem það kemur fram, að með sátt í saka-dómi í ávana- og fikniefnamálum 10. desember 1981 gekkst hann undir að greiða 13.000.00 króna sekt fyrir brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974.

Staðfesta ber niðurstöður héraðsdómara um sakarmat og færslu brota ákærða til ákvæða í lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974. Refsingu ber að ákveða með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga, og þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði. Til frádráttar þeim tíma komi gæsluvarðhaldstími. Var hann 14 dagar, svo sem ráða má af málgögnum.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 4.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Hallsteinn Sigurjón Gestsson, sæti fangelsi í 2

mánuði, en gæsluvarðhaldsvist hans í 14 daga komi refsingunni til frádráttar.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 4.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 10. nóvember 1981.

Ár 1981, þriðjudaginn 10. nóvember, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, við undirritaða votta og þá upp kveðinn dómur í sakadómsmáli nr. 823/1980 (sic): Ákærvaldið gegn Hallsteini Sigurjóni Gestssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af hálfu ríkissaksóknara höfðað með ákæru, dags. 14. sept. 1981, á hendur Hallsteini Sigurjóni Gestssyni nema, til heimilis að Greniteigi 22, Kefavík, fæddum 1. desember 1958 í Reykjavík, „fyrir brot á fíkniefnalöggjöfinni með því að kaupa í október 1980 tvívegis marihuana af varnarliðsmanninum Nicanor C. Soniega á heimili ákærða, og fékk hann afhent samtals allt að 660 grömmum af efninu og greiddi fyrir allt að \$2.325.00. Síðan dreift efninu til annarra með sölu. Einnig á sama tíma fengið gefin 15 grömm af hassi af ókunnum aðila og selt nefndum varnarliðsmanni 5 grömm á \$20 hvert gramm.“

Ofangreind háttsemi er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1982 (sic), 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, nánar, svo sem áður greinir, fæddur 1. desember 1958 í Reykjavík. Hann hefur sætt ákærum og refsingum sem hér segir:

1974 7/10 í Keflavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot gegn 157. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaga.

- 1975 2/5 í Keflavík: Sátt, 3.500 kr. sekt fyrir brot gegn 4., 5. og 3. mgr. 28. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.
- 1976 23/4 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Sátt, 9.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.
- 1976 14/9 í Keflavík: Ávana- og fíkn. 7.000 kr. sekt fyrir brot gegn 66. gr. tolllaga.
- 1977 í Keflavík: Uppvís að broti gegn 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 31/1 1977.
- 1977 6/5 í Keflavík: Dómur: 2 mán. fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1977 4/4 í Keflavík: Sátt, 50.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 1 ár frá 4/4 1977.
- 1978 22/6 í Keflavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 66. gr. tolllaga.
- 1979 15/11 í Keflavík: Sátt, 100.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 66. gr. tolllaga.
- 1980 14/5 í Keflavík: Ávana- og fíkn. Sátt, 450.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. 77. gr. hegningarlaga og 71. gr. sömu laga.
- 1981 13/1 í Keflavík: Ávana- og fíkn. Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/1974, sbr. og 71. gr. hegningarlaga.

MÁLSATVIK.

Ákærði var handtekinn í Keflavík 23. febrúar sl., en hann var grunaður um dreifingu fíkniefna og viðskipti við varnarliða á Keflavíkurflugvelli í því sambandi. Þann 21. febrúar sl. var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu í Keflavík Nicanor Soniega, fæddur 18. janúar 1953 á Filipseyjum, varnarliðsmaður á Keflavíkurflugvelli, og skýrði hann þá svo frá, að í byrjun októbermánaðar sl. hefði hann selt íslenskum aðilja 30 poka af marihuana og hver poki verið 22 grömm og söluverð verið 2.250 bandaríkjadalir. Við myndbendingu hjá rannsóknarlögreglu í

Keflavík sama dag benti hann á mynd af ákærða sem ofangreindum kaupanda.

Nefndur varnarliði kvað umrædd fíkniefnaviðskipti hafa farið fram á heimili ákærða og afhendingar verið tvær. Ofangreint marihuanaefni kvaðst nefndur varnarliði hafa keypt í tveimur leyfisferðum sínum til Bandaríkjanna í september og október sl. Þá kvað hann varnarliða, Bart Garner að nafni, hafa verið með sér við flutninga marihuanaefna af Keflavíkurflugvelli á heimili ákærða í Keflavík.

Ofangreindur Bart A. Garner, fæddur 21. júní 1954, starfsmaður í flugher varnarliðs á Keflavíkurflugvelli, var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu í Keflavík 22. febrúar 1981 og skýrði þá svo frá, að í nóvember sl. hefði hann farið til Keflavíkur ásamt varnarliðsmanni að nafni Soniega og þar á heimili pilts, er kallaður sé Steini. Við myndbendingu hjá rannsóknarlögreglu í Keflavík sama dag benti nefndur Garner á mynd af ákærða sem ofangreindum Steina. Kvað hann Soniega hafa selt ákærða 18—20 poka af marihuana á 75 dollara hvern poka. Kvaðst Garner hafa flutt sjálfur innanklæða 9—10 af ofangreindum marihuanapokum til ákærða út af flugvellingum. Þá kvaðst Garner síðar hafa haldið öðru sinni með Soniega á fund ákærða á heimili hans í Keflavík, en ekki kvaðst hann geta fullyrt um, hvort Soniega seldi ákærða meira marihuana við þetta tækifæri.

Ofangreindir varnarliðar fóru af landi brott sl. vor, og hafa þeir ekki verið yfirheyrðir fyrir íslenskum dómstóli um ofangreint.

Ákærði neitaði við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu í Keflavík og fyrir sakadómi Keflavíkur þann 24. febrúar sl. að hafa átt í nokkurs konar fíkniefnaviðskiptum þá að undanfögnu og var þann sama dag úrskurdaður í gæsluvarðhald í þágu rannsóknar málsins allt til 10. mars 1981.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu í Keflavík 3. mars sl. játaði ákærði nánar tilgreind fíkniefnaviðskipti og gekk laus úr gæsluvarðhaldi sama dag.

Við yfirheyrslu hér í dómi 28. september sl. við þingfestingu máls þessa bar hann efnislega á sama veg. Skal nú vikið að framburði hans:

Skýrði ákærði þá svo frá, að í október 1980 hefði hann í eitt sinn keypt marihuana af varnarliðsmanninum Nicanor C. Soniega á heimili ákærða, og fékk ákærði samtals 500 gr af

efninu og greiddi fyrir allt að 2.325 bandaríkjadöllum, síðan endurselt ónefndri stúlku allt efnið á sama verði. Þá hafi ákærði einnig um sama leyti fengið 15 gr af hassi, og reyndar sem þóknun fyrir að hafa útvegað ofangreint marihuanaefni, og selt 5 gr þess nefndum varnarliðsmanni á 20 bandaríkjadali hvert gramm.

Ekki hefur tekist að hafa upp á nefndri stúlku erlendri, er ákærði lýsir sem móttakanda ofangreindra 500 gramma.

NIÐURSTÖÐUR.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa haft í frammi háttsemi þá, er í ákæru greinir, utan hvað hann telur efnismagn minna, eða 500 gr, og afhendingu aðeins eina. Þykir hér rétt að leggja til grundvallar játningu ákærða, en hún er efnislega studá framburðum tveggja ofangreindra varnarliðsmanna. Telst því sannað með vísan til alls ofanritaðs, að ákærði hafi í október 1980 keypt marihuana af varnarliðsmanninum Nicanor C. Soniega á heimili ákærða, og fékk hann afhent samtals 500 gr af efninu og greiddi fyrir allt að 2.325 bandaríkjadöllum, en seldi efnið allt ókunnum aðilja. Einnig á sama tíma þegið af ókunnum aðilja 15 gr af hassi og selt varnarliðsmanni ofangreindum 5 gr á 20 bandaríkjadali hvert gramm.

Ofangreind háttsemi ákærða er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

Þá ber samkvæmt ofansögðu að ákvarða refsingu ákærða með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Eftirtalin atriði úr sakaferli ákærða þykja hér skipta máli:

1976 23/4 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Sátt, 9.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

1980 14/5 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Sátt, 450.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. 77. gr. hegningarlaga og 71. gr. sömu laga.

1981 13/1 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 5. og 6. gr laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/1974, sbr. og 71. gr. hegningarlaga.

Samkvæmt ofansögðu ber að ákvarða refsingu ákærða með

hliðsjón af 71. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 að hluta til, sbr. sáttarafgreiðslur frá 23. apríl 1976 og 14. maí 1980, en jafnframt að hluta til með hliðsjón af 78. gr. nefndra laga vegna sáttarafgreiðslu frá 13. janúar 1981.

Að öllu ofanskráðu athuguðu og virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 90 daga.

Þá þykir með vísan til 76. gr alm. hegningarlaga nr. 19/1940 rétt, að til frádráttar refsivist komi sá tími, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi, eða 8 dagar.

Samkvæmt ofansögðu og með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar af kr. 2.500.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmans.

Dómsorð:

Ákærði, Hallsteinn Sigurjón Gestsson, fæddur 1. desember 1958 í Reykjavík, sæti varðhaldi í 90 daga.

Refsivist til frádráttar komi 8 daga gæsluvarðhald.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar af kr. 2.500.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmans.

Mánudaginn 6. desember 1982.

Nr. 83/1982. **Ákærvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Óla Jóni Ólasyni
(Páll A. Pálsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Halldór Þorbjörnsson.

Guðjón St. Marteinson, fulltrúi sakadómarans í ávana- og fíkniefnamálum, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.